

REGLUR um verndun starfsmanna gegn **hættu** á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum

Markmið með reglum þessum er að koma í veg fyrir heilsutjón starfsmanna sem vinna með líffræðilega skaðvalda eða verða fyrir mengun af þeim.



Áhættumat

Atvinnurekanda ber skylda til að láta meta hættuna af þeim líffræðilegu skaðvöldum sem unnið er með eða sem starfsmenn geta orðið fyrir mengun af. Samkvæmt þessu mati þarf síðan að gera ráðstafanir sem draga úr hættu sem fylgir starfseminni.

Líffræðilegir skaðvaldar, hvað er það?

Skilgreiningin er svohljóðandi: „Örverur, þar með taldar þær sem breytt hefur verið með erfðatækni, frumurækt og innri snikjudýr í fólki, sem vera má að valdi smitun, ofnæmi eða eitrun af einhverju tagi.“ Í reglunum eru líffræðilegir skaðvaldar flokkaðir niður í bakteríur, veirur, snikjudýr og sveppi.

Dæmi um störf sem falla undir þessar reglur

1. Störf þar sem unnið er með líffræðilega skaðvalda, s.s. störf á rannsóknarstofum, heilsgæslustöðvum, sjúkrahúsum og fleiri stöðum.



2. Störf þar sem ekki er af ásettu ráði unnið með líffræðilega skaðvalda eða þeir notaðir, en hugsanlegt er að starfsmenn verði fyrir mengun af líffræðilegum skaðvöldum, t.d. störf við sorpeyðingarstöðvar, skolphreinsunarstöðvar o.fl. (sjá l. viðauka í reglunum).



Mikilvæg atriði sem draga úr hættu af líffræðilegum skaðvöldum

- Góðum starfsvenjum og almennri skynsemi sé fylgt.
- Starfs- og vinnureglur fyrir hvern vinnustað séu skriflegar og aðgengilegar starfsfólki.
- Nýir starfsmenn fái kennslu og þjálfun.

Í reglunum eru einnig ákvæði um tiltekin störf og hagnýtar upplýsingar í viðaukum.

Öllum, sem falla undir þessar reglur, er ráðlagt að kynna sér þær nánar.

Vinnueftirlitið vonast eftir góðu samstarfi við þá starfsmenn sem falla undir þessar reglur og að þeir séu sjálfir vakandi yfir sínum hagsmunum.

Reglurnar (nr. 764/2000) fást hjá Vinnueftirlitinu og á heimasíðunni.



VINNUEFTIRLITIÐ

Bíldshöfði 16, 110 Reykjavík, sími 550 4600, fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is Heimasíða: www.vinnueftirlit.is